

## 2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum eða af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

## 3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land skal greiða 1/4 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftari en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

## 4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarþók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

## 5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

## 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vitamál nr. 56/1981, með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vitagjald nr. 464/1992.

*Samgönguráðuneytið, 15. mars 1995.*

**Haldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Kópavogi árið 1995.

## 1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal árið 1995 vera kr. 7.200. Gjaldddagi er 1. mars og eindagi 1. apríl.

Gjaldið skal vera kr. 600 fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000 og geymslugjald fyrir handsamaðan hund kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

*Umhverfissráðuneytið, 24. mars 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. febrúar 1995 staðfest breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

- Verslunarlóð við Búðaröxl, sunnan Þjóðvegur, færist um breidd sína til suðausturs og iðnaðarsvæði stækkar sem því nemur.
- Landnotkun lóðar við hlið hótellóðar við Hafnarbyggð færist úr iðnaðarstarfsemi í lóð undir verslun og þjónustu.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Egilsstaða 1993-2013, sem er endurskoðun á áður staðfestu aðalskipulagi frá 5. nóvember 1985.